

Framapotarinn Dagur B. Eggertsson

Smáfuglarnir sjá á vefsíðu Skafta Harðarsonar og víðar að hugleysi Dags B. Eggertssonar, að gefa ekki upp atkvæði sitt í þjóðatarkvæðagreiðslu um Icesave, vekur athygli. Smáfuglarnir muna ekki eftir mörgum tilvikum að varaformenn stórra stjórnmálaflokka gefi ekki upp afstöðu sína í stærstu málum samtímans. Til hvers eru slíkir menn í stjórnmálum?

Skafti segir á vef sínum:

En sjálfur varaformaður Samfylkingarinnar, Dagur B. Eggertsson, neitar að upplýsa hvað hann hafi gert, hvort hann hafi farið á kjörstað og hvað hann hafi kosið, ef svo var.

Stjórnmálamenn eru ekki vanir að leyna því hvað þeir kjósa enda eru þeir venjulega fulltrúar skoðana. En hvers vegna vill Dagur leyna því? Hefur hann eitthvað að fela? Er eitthvað óþægilegt við að segja frá því hvaða skoðun maður hefur?

Eða er skýringin sú að Dagur er ekki stjórnmálamaður, heldur framapotari sem vill helst ekki stýggja neinn í eigin flokki og ekki láta hafa neitt á sig í Silfri Egils?

Smáfuglarnir svara spurningum Skafta játandi. Ljóst er fyrir margt löngu að frami skiptir hinn hárprúða borgarfulltrúa mun meiru en hugsjónir eða festa. Þannig hefur Dagur látið lítið fyrir sér fara í þeim ólgusjó sem verið hefur í stjórnmálum undanfarið og virðist hafa tekið þá drengilegu ákvörðun um að leyfa Jóhönnu að deyja drottni sínum í stjórnmálum áður en hann mætir til leiks. Dagur hefur hvergi stutt formann sinn að málum.

Svo var er Dagur um sig að hann neitar að segja til um skoðun sína á Icesave!